

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *44. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 9. október 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun HNe fyrir 2009, afgreiðslu var frestað á fundi 25. sept. sl.
3. Drög að erindisbréfi fyrir Skólanefnd, var frestað á fundi 25. sept. sl.
4. Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn, styrkbeiðni.

Til kynningar:

Fundargerð Héraðsráðs dags. 30. september.

Mættir: Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.
2. Fjárhagsáætlun HNe fyrir 2009, afgreiðslu var frestað á fundi 25. sept. sl.
Á fundi sveitarstjórnar 25. september s.l. var lögð fram fjárhagsáætlun Heilbrigðisefirlits Norðurlands eystra, fyrir árið 2009. Þar sem ekki fylgdu

fjárhagsáætluninni gögn um skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaganna taldi sveitarstjórn sér ekki fært að samþykkja hana. Umrædd gögn hafa nú borist og þar kemur fram að hlutur Skútustaðahrepps í sameiginlegum kostnaði er tekur mið af íbúafjölda er kr. 281.545,-. Þar fyrir utan er Skútustaðahreppur ábyrgur fyrir um 1. millj. kr. sem innheimtist af fyrirtækjum í formi heilbrigðiseftirlitsgjalds.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun HNe fyrir árið 2009 óbreytta.

3. Drög að erindisbréfi fyrir Skólanefnd, var frestað á fundi 25. sept. sl.

Fyrir fundinum liggja drög að erindisbréfi fyrir Skólanefnd. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að fresta erindisbréfinu til næsta fundar.

4. Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn, styrkbeiðni.

Borist hefur bréf frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn, þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við áframhaldandi starfsemi sumarbúða. Í bréfinu kemur fram að Kirkjumiðstöðin, sem er sjálfseignarstofnun hefur staðið fyrir rekstri sumarbúða fyrir börn á grunnskólaldri í rúm 40 ár við miklar vinsældir fram til þessa. Rekstur sumarbúðanna hefur alla tíð byggst á miklu sjálfbóðaliðastarfi og styrkarframlögum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 50.000,-.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Böðvar Pétursson,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir.